

21. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 2000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Patreksahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Patreksahrepps, nr. 153 26. ágúst 1953 og breyting á þeirri reglugerð nr. 135/1958.

Félagsmálaráðuneytið, 26. apríl 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

fyrir **Veiðifélag Fljótsdalshéraðs.**

1. Félagið heitir veiðifélag Fljótsdalshéraðs.

Heimili þess og varnarþing er sama og formanns þess á hverjum tíma.

2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Lagarfljóti og Jökulsá og þverám þeirra, en þær eru:

Hjaltastaðahreppur:

Tjarnarland, Stóra Steinsvað, Ekra, Dratthalastaðir, Hóll, Hólshjáleiga, Víðastaðir, Sandur.

Eiðahreppur:

Uppsalir, Finnstaðir I, Finnstaðir II, Fossgerði, Mýnes, Breiðavað, Fljótsbakki, Snjóholt, Eiðar, Gröf, Eiðahreppur.

Tunguhreppur:

Blöndugerði, Stóri Bakki, Árbakki, Litli Bakki, Hallfreðarstaðir, Hallfreðarstaðahjáleiga, Hrærekslækur, Galtarstaðir ytri, Galtarstaðir fremri, Húsey, Geirastaðir, Nefbjarnarstaðir, Gunnhildargerði, Kirkjubær, Kleppjárnsstaðir, Brekka, Lindarhóll, Litla Steinsvað, Straumur, Heykollsstaðir, Vífilsstaðir, Vífilsnes, Dagverðargerði, Rangá I, Rangá II, Bót, Flúðir, Skóghlíð, Heiðarsel, Brekkusel, Fremrasel.

Hlíðarhreppur:

Eyjasel, Hólmatunga, Torfastaðir, Árteigur, Hnithbjörg, Fagrahlíð, Hlíðarhús, Sleðbrjótssel, Grófarsel, Másel, Sleðbrjót, Breiðamörk, Surtssstaðir, Hallgeirsstaðir, Hrafnabjörg, Fossvellir.

Fellahreppur:

Egilssel, Staffell, Hafrafell Urriðavatn, Skógargerði, Ekkjufellssel, Ekkjufell, Helgafell, Skipalækur, Hlaðir, Kross, Setberg, Meðalnes, Hreiðarstaðir, Refsmýri, Ormarsstaðir, Miðhúsasel, Ás, Hof, Skeggjastaðir I, Skeggjastaðir II, Skeggjastaðir III, Skeggjastaðir IV, Teigaból, Hrafnsgerði.

Fljótsdalur:

Vallholt, Hrafnkelsstaðir I, Hrafnkelsstaðir II, Viðivellir ytri, Viðivellir fremri, Klúka, Viðivallagerði, Sturluflöt, Þorgerðarstaðir, Arnaldsstaðir, Langhús, Glúmsstaðir I, Glúmsstaðir II, Glúmsstaðasel, Kleif, Egilsstaðir, Hóll, Þuríðarstaðir, Valþjófsstaður I, Valþjófsstaður II, Skriðuklaustur, Hamborg, Bessa-
staðir, Bessastaðagerði, Eyrarland, Litla-Grund, Melar, Brekka, Hjarðarból, Brekkugerði, Brekkugerðishús, Geitagerði, Arnheiðarstaðir, Droplaugarstaðir.

Vallahreppur:

Höfði, Útnyrðingsstaðir, Keldhólar, Ketilsstaðir, Beinárgerði, Eyjólfstaðir, Úlfsstaðir, Gíslastaðagerði, Gíslastaðir, Arnkelsgerði, Grófargerði, Ásgarður, Tunghagi, Sauðhagi I, Sauðhagi II, Hvammur, Víkingsstaðir, Vallanes, Jaðar, Vallaneshjáleiga, Strönd, Gunnlaugsstaðir, Mjóanes, Freyshólar, Hafursá, Hallormsstaður, Buðlungavellir, Vallahreppur, Unalækur, Lundur, Langahlíð, Fletir.

Skriðdalshreppur:

Stóra Sandfell I, Stóra Sandfell II, Litla Sandfell, Eyrarteigur, Hryggstekkur, Arnhólsstaðir, Hallbjarnarstaðir, Viðilækur, Haugar, Vatnsskógar, Borg, Múlastekkur, Þingmúli, Hátún, Geitdalur, Þorvaldsstaðir, Flaga, Mýrar, Geirólfsstaðir, Vað, Reynhagi, Hjarðarhlíð, Birkihlíð, Lynghóll.

Egilsstaðahreppur:

Egilsstaðir I, Egilsstaðir II, Kollsstaðir, Kollsstaðagerði, Dalhús, Þuríðarstaðir, Miðhús, Steinholt, Eyvindará.

Jökuldalshreppur:

Aðalból, Vaðbrekka I, Vaðbrekka II, Klaustursel, Merki, Gaukstaðir, Mælivellir, Skuggahlíð, Hnefilsdalur, Smáragrund, Skeggjastaðir, Refshöfði, Teigasel, Gil, Hauksstaðir, Hvanná, Hofteigur, Hjarðargrund, Hjarðahagi, Skjöldólfstaðir I, Skjöldólfstaðir II, Gilsá, Arnórsstaðir, Hákonarstaðir, Breiðilækur, Grund, Eiríksstaðir I, Eiríksstaðir II, Brú.

3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrjú menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn þannig, að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur ekki gildi fyrr en kemur til leigu á vatnasvæðinu.

6. Aðalfund skal halda í marz—apríl mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skylt að halda svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVII. kafla laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. apríl 1966.

Ingólfur Jónsson.

Jón L. Arnalds.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Grundarfjörð, nr. 106 27. júlí 1962.

1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

Hafnargjöld.

30. gr.

Öll skip, sem koma til Grundarfjarðar og hafa samband við land, skulu greiða hafnargjald sem hér segir:

- a. Skip og bátar, sem eru eign manna, búsettra í Grundarfirði eða eru gerðir út þaðan, að minnsta kosti um tveggja mánaða tíma, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári kr. 20.00 af hverri brúttórúmllest.
- b. Fiskiskip og strandferðaskip, sem eru í innanlandssiglingu, greiði kr. 2.00 af hverri brúttórúmllest, en þó ekki meira en kr. 10.00 á ári af hverri brúttórúmllest skipsins.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema þau sem undanþágu njóta skv. 33. grein, skulu greiða kr. 1.50 af hverri brúttórúmllest.

31. gr.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, björgunarskip, skemmtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna. Einnig skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á einhvern hátt, nema þau fermi eða af-